Þjálfun starfsmanna – BTSF námskeið

Framkvæmd



Ábyrgð og framkvæmd

1. Tölvupóstur berst frá námskeiðshaldara til BTSF-tengiliðar MAST (national contact point, NCP á netfangið btsf@mast.is). Hann færir upplýsingar um námskeiðið í excel skjal sem vistað er í One Drive (BTSF Námskeið 2018+ (1)). Gæðastjóri MAST er tengiliður við BTSF. Hann er eini aðilinn sem skráir upplýsingar í excel skjalið eða breytir þeim. Óski starfsmaður eftir því að sækja námskeið um tiltekið efni kemur hann því á framfæri við sinn yfirmann. Allir geta kynnt sér framboð námskeiða á https://btsfacademy.eu/training/

2. Tilkynning og fylgigögn um hvert námskeið er áframsent til stjórnenda (með mannaforráð) eftir því sem við á (efni námskeiðs). Einnig eru upplýsingar um tiltekin námskeið send til heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga (HES) (hópnetfang HES-Framkvæmdastjórar). Yfirmenn senda upplýsingar út til þeirra starfsmanna sem námskeið á við eða velja starfsmann sem boðið er að sækja um sæti.

3. Í tölvupóstum frá BTSF er slóð á námskeiðin sem NCP nýtir til að stofna boðshlekk (token) sem hann sendir til áhugasamra starfsmanna sem hyggjast senda inn umsókn. Þeir sem sækja um námskeið þurfa að stofna EU-login til að geta lokið við ferlið (https://trusted-digital-identity.europa.eu/creating-managing-and-using-your-eu-login-account/how-do-i-create-my-eu-login-account_en).

4. Starfsmaður sendir inn rafræna umsókn sem fer til NCP. Tengiliðurinn metur umsóknir, forgangsraðar ef fleiri en 1 berast og sendir áfram til námskeiðshaldara. Tengiliður fær afrit af staðfestingu um að umsókn hafi verið samþykkt og færir í excel skjalið sem vísar er til í 1. tl.

5. Ef engin umsókn hefur borist þegar vika er eftir af tímafresti sendir NCP út áminningu.

6. Að námskeiði loknu eru starfsmenn skuldbundnir til þess að upplýsa og fræða samstarfsmenn um efni námskeiðs eins og við á og hentar (sviðs- eða deildarfundir, kynning/erindi, t-póstur, námskeið). Starfsmaðurinn skráir námskeiðið í CCQ hæfnistjórnunarkerfi MAST undir ´mín hæfni´ (sjá leiðbeiningar á S:/Þjálfun starfsmanna/CCQ Leiðbeiningar).